

Febrúar

Verkefni í undirbúningi:

- Ársreikningur 2020
- Færsla bókhalds í janúar 2021
- Skjalageymsla, þökkun og skil til skjalavörslu.

Verkefni í vinnslu:

- Ársuppgjör, leiðréttingar og afstemmingar 2020.
- Verktakmiðar til RSK, villa í skilum sem er ekki fundin.
- Vsk skil nóv og des 2020
- Afstemmingar, bókhaldsvinna og uppgjör fyrir Hornsteina, útseld vinna frá okkur.
- Afstemmingar, bókhaldsvinna og uppgjör fyrir Sorpsamlag, útseld vinna frá okkur.
- Samþykkt um gæluþráhald sent í samráðsgátt til sveitarstjórnar.
- Starfsmat endurskoðun.
- Starflýsingar fyrir starfsmenn sem ekki hafa starflýsingu.

Verkefnum lokið:

- Launavinnsla í DK. Laun greidd úr DK launum frá áramótum og innleiðngu lokið.
- Launamiðar starfsmanna sendir til RSK
- One system, leiðréttar gamlar færslur á réttan málalykil. Verkferlar skýrðir með BG og framvegis unnið eftir þeim.
- Afstemmingar á launatengdum gjöldum og samskipti við stéttarfélag og lífeyrissjóði.
- Gjaldskrá og reglugerð um Byggingarleyfi og gjaldskrá um gáma- og geymslusvæði sendar á sveitarstjórn og samþykktar.
- Skjalageymsla, uppröðun og frágangur í nýjar hillur í kjallara.
- Ferli, innleiðing á þjónustu v. íbúaskrárar og uppsögn á annari þjónustu á móti. Nú er auðvelt að sjá hverjir flytja að og frá okkur innan tímabila, sem var ekki hægt áður.
- Pantaði skáp fyrir búsáhöld á gang í félagsheimili til að losa skáp í eldhúsi fyrir heimilisfræðikennslu.
- Áhaldahúsmenn hafa smíðað hillur í kjallara og fært flesta muni úr gamla eldhúsi í þær og eru að koma ræstiherbergi fyrir í gamla eldhúsi.

Venjubundin verkefni á mínu borði og unnin eru dag, viku og eða mánaðarlega.

- Afstemmingar launa og bókhalds og launatengdra gjalda. Launamiðum launþega skilað í janúar.
- Afstemmingar lánadrottna og verktakamiðum skilað í janúar/febrúar.
- Færsla innborgana og útgjalda og afstemmingar bankareikninga mánaðarlega.
- Afstemmingar og leiðréttingar á deildum ef þarf.
- Skil á aðalbók mánaðarlega til deildarstjóra, upplýsingagjöf og samskipti við þá.
- Vsk. uppgjör á tveggja mánaða fresti, afstemmingar og leiðréttingar.
- Samskipti og skil við stofnanir t.a.m Fjársýslu, Hagstofu, Skattstjóra og innheimtumenn ríkissjóðs.
- Uppgjör, ársreikningur og endurskoðunarvinna. Árlega í jan-maí.
- Launavinnsla og móttaka vinnuskýrslna og úrvinnsla þeirra. Greiðsla launa síðasta dag mánaðar.
- Umhirða húss, moka snjó, tiltekt, skipulag og fleira sem þarf þ.h.
- Upplýsingagjöf til íbúa, viðskiptavina, launþega og annara sem til okkar leita.
- Almenn afskiptasemi um málefni sem skipta máli fyrir sveitarfélagið og eflaust fleira sem ég man ekki í svipin.

Félagsmálastjóri, febrúar 2021

Soffía Guðrún Guðmundsdóttir

Febrúar var mjög annasamur mánuður þó stuttur væri, mikið um fundarhöld og byrjað að huga að starfsmannamálum í sumar.

Helstu verkefni

- Hjá félagsþjónustunni eru nokkur umfangsmikil einstaklingsmál sem þurfa stöðuga eftirfylgni og þar með sinn tíma en eru þó breytileg milli mánaða.
- Starfsmannamál hafa verið á dagskrá, sem endranær, þar sem nokkrar breytingar hafa verið að eiga sér stað í vetur.
- Reglur vegna covid-19 halda áfram að breytast og þarf að fylgja þeim eftir og skoða hvaða áhrif þær hafa á starfsemi félagsþjónustu.
- Öðrum verkefnum félagsþjónustunnar hefur enn fremur verið sinnt eftir því sem á hefur þurft að halda hverju sinni.
- Ýmis erindi og upplýsingar berast reglulega frá stjórnarsýslunni og það fer mikill tími í að sinna þeim.

Verkefni framundan

- Málefni aldraðra – Stefnt að stofnun öldungaráðs í Strandasýslu með vorinu.
- Það þarf að auglýsa eftir sumarstarfsfólki og stendur til að gera það strax í næstu viku.

Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: **Byggingafulltrúi**

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Grettir Örn Ásmundsson

Tímabil: Febrúar

Verkefni í undirbúningi:

- Uppmæling og hnitsetning
- Melgraseyri – ólöglegir bústaðir
- Skoðun á gps tæki

Verkefni í vinnslu:

- Lóðarupprættir – teikningar
- Lóðarleigusamningar + hnitsetningar
- Loftmyndir – uppröðun í samræmi við hnit í autocad
- Tiltekt og flokkun á samskiptum - pósthólf
- Miðtún, stofnframlag.
- Höfðagata – Laga skráningu.

- Lækjartún - ferli
- Hrófberg - ferli
- Brunngil – ferli
- Umsókn um byggingarleyfi á Hólmavík, stækkun, viðbygging.
- Umsókn um byggingarleyfi á Broddanesi
- Umsókn um byggingarleyfi á Hólmavík, breytt útlit.
- Umsókn um stækkun á lóð, Ísafjarðardjúp.
- Umsókn um byggingarleyfi Hólmavík, stækkun, móttökusalur.

Annað:

- Önnur eins umsýsla fyrir 4 önnur sveitarfélög

Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: **Áhaldahús/höfn**

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Sigurður Þorvaldsson/Sverrir Guðbrandsson

Tímabil: feb 2021

1. Verkefni í undirbúningi:

- Hitatúpuskipti á Hafnarbraut 25

2. Verkefni í vinnslu:

- Viðgerð á myndavélakerfi hafnar rakatjón
- Grjótgarður á Borgarbraut. (í biðstöðu fram á vor)
- Umhirða og lagfæring áhalda
- Hitatúpulagfæring í Lækjartúni 16
- Breitingar í félagsheimili smíða hillur í kjallara og færa skúringakompu í gamla eldhús og hreinsa út úr lagnakjallara setja upp skáp við eldhús
- Skönnun teikninga sem til eru hjá sveitarfélaginu og flokka þær
- Pryf og lagfæring á ljósabúnaði í slökkvibíl settur vaktari á rafstöð
- Sala á gamla slökkvibíl
- Eftirlit og snjómokstu
- sandlosun úr niðurföllum í Austurtúni

3. Verkefnum lokið

- Ráðhús Hafnarbraut skjalageymsla smíða hillurekka

4. Annað:

Önnur föst verkefni fyrir deildir sveitarfélagsins tekið rusl farið með pakka, farið með mat, fylgst með vatnsnotkun og dælum vatnsveitu, vigtað úr bátum Eins eru mörg önnur smáverk.

Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: **Tómstundasvið**

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Esther Ösp

Tímabil: 1.- 28. febrúar

1. Verkefni í undirbúningi:

- Sumarnámskeið í Strandabyggð í samstarfi við Náttúrubarnaskólann og Ungmennafélagið Geislann
- Vinnuskóli Strandabyggðar í samstarfi við Áhaldahús
- Ráðning sumarstarfsfólks í samstarfi við félagsmálastjóra
- Frístundadagatal Strandabyggðar
- Húmorsþing í samstarfi við Arnkötlu 26.-28. mars
- Strandaganga Skíðafélags Strandamanna 13. mars
- Sterkar Strandir. Stuðningur og hvatning við félagasamtök til umsóknaskrifa
- Heimsókn frá félagsmiðstöðvunum á Reykhólum og Búðardag 18. mars
- Stíll. Hönnunarkeppni félagsmiðstöðvanna í Kópavogi 20. mars
- Samvest. Söngkeppni félagsmiðstöðva á Vesturlandi 15. apríl
- Ferð ungmenna í FNV á Sauðárkróki 11.-12. mars í samstarfi við Grunnskóla og Dreifnám
- Þjónustukönnun varðandi félagsstarf eldri borgara
- TÍM fundur í mars
- Fæðingarorlof. Tómstundafulltrúi á mánuð inni í fæðingarorlofi
- Koma mér fyrir á skrifstofunni

2. Verkefni í vinnslu:

- Strandir Newcomers - Félagsstarf á ensku
- Sérækt hópastarf fyrir miðstig í samstarfi við grunnskólann
- Samstarf við Reykhóla og Búðardal. Reglulegir fundir tómstundatulltrúa, starfsdagar og sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva
- Efling möguleika til iðkunar rafíprótta
- Aukið samstarf Ozon/Fjóssins og Dreifnámsins á Hólmavík, t.d. með sameiginlegum opnunum
- Hátíðarbærinn Hólmavík. Skipulag næstu hátíða og kynning
- Handverkshópur Ozon (smíðar og viðhald með Gunnari Braga)
- Þátttaka kynheilbrigðisnemenda í hugverkakeppni JAKI (Jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands)

- Bætt aðstaða í Ozon/Fjósi. Búið er að útvega ýmsan búnað, sumt á eftir að nálgast. Ungmennin hafa komið upp aðstöðu á sviði og baksviðs. Næst er að fegra rýmið og færa skúringarkompuna
- Endurskipulag þjóðleiks. Verkefninu var frestað um ár á landsvísu og í ljósi þess þurfum við að endurskoða okkar aðkomu.
- Efling samfélagsmiðla og sýnileiki starfsins
- Reglulegir viðburðir svo sem opnanir í Ozon, kynheilbrigðiskennsla og foreldramorgnar, fundir með Samfés og annað slíkt

3. Verkefnum lokið:

- Hörmungardagar í samvinnu við Arnkötlu
- Bein útsending frá Ozon og söfnun fyrir Kvænnaathvarfið
- [Starfsáætlun tómstundafulltrúa](#)
- Heimsókn Ozon í félagsmiðstöðina á Reykhólum
- Fjölbjörglegur kvikmyndaklúbbur stofnaður
- Félagsstarf eldri borgara, skipulag og kynning
- Ungmennafélag 3. febrúar, fundur ungmennaráðs og skipan í nefndir
- Ársskipulag Ozon auk skipulags hópstarfs og valgreina
- Rafíþróttamót og gistkvöld í Ozon 5. febrúar
- Lífshlaupið

4. Annað;

Við skrifin á þessari skýrslu þurfti ég að halda aftur að mér með mörg verkefni sem mig langaði að segja að væru í undirbúningi. Ansi margar spennandi hugmyndir og þörf verkefni banka upp á en tíminn veitir þeim ekki svigrúm. Sum verkefni vinnast hægt og önnur á handahlaupum af sömu ástæðu.

Leikskólinn Lækjarbrekka – Grunn- og tónskólinn á Hólmavík

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Febrúar 2021

Verkefni á frumstigi:

- Skólaþing – Nafn, gildi/einkunnarorð, sýn og stefna sameinaðs skóla. (HG)

Verkefni í vinnslu:

- Starfsmannasamtöl í febrúar og mars. Árvisst samtal skólastjóra við hvern og einn starfsmann. (HG)
- Skóladagatal 2021-2022, drög. (HG)
- Umbótaáætlun í kjölfar úttektar menntamálastofnunar. Samþykkt af MMS í jan. (HG)
- Deildarnámskrár leikskóla. (HG, BÓG)

Verkefni á ársvísu:

- Stærðfræði með augum heimsins, verkefni með styrk úr sprotasjóði. Ársverkefni með verkefnastjórn. (HG, EEM, Trappa). *Unnið í fjarfundum.*
- Galdraskóli, samstarfsverkefni með Galdrasýningu á Ströndum, Grunnskólanum á Drangnesi og Reykhólaskóla, verkefni styrkt af Barnamenningarsjóði.

Verkefnum lokið:

- Gera við kastara á útvegg skóla. Ljós í pöntun hjá áhaldahúsi. (HG)
- Uppfærsla skóladagatala á vorönn 2020- 2021, viðburðum hefur ýmist verið frestað, þeir aðlagðir reglugerð um sóttvarnir eða færðir til vegna heimsfaraldurs. Dagatal vorannar sett upp á nýtt. (Fræðslunefnd HG) Birt á heimasíðu.
- Innleiðing styttri vinnuviku starfsfólks leikskóla og starfsfólks annarra en kennara og stjórnenda í grunnskóla í samræmi við gerðan vinnustaðasamning og útfærslu hvers starfsmanns. Samningum lokið. Tengja samninga og útfærslu við gerð ráðningarsamnings.
- Skólanámskrá Tónskólans og einstaklingsmiðaðar kennsluáætlanir.
- Leki upp um gólf á bókasafni. (HG) Tekið af forstöðumannaskýrslu er á fjárhagsáætlun.

Forstöðumannaskýrsla 2. mars. 2021

Íþróttamiðstöð og Tjaldsvæði

Hrafnhildur Skúladóttir

Verkefni í undirbúningi:

- Að öllum líkindum þarf að endurskoða aftur það vaktaplan sem tekið var upp í haust í sparnaðarskyni. Verkefnabörfin er meiri en gert var ráð fyrir.
- Auglýsa eftir sumarstarfsfólki.

Verkefni í vinnslu:

- Enn í skoðun: Skoðun á veggjum í sturtuklefum. Þar eru ljótar rakaskemmdir sem þarf að skoða vel og taka sýni úr. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða kom og mældi 90 % raka í veggjum milli sturtuklefa og ganga. Hef verið í samskiptum bæði við Fagverk og Eflu um áframhaldandi skoðun og sýnatökur.
- Búið að panta gler fyrir afgreiðslu. Tekur einhverjar vikur í framleiðslu en verður vonandi komið og uppsett áður en ferðamenn fara að koma á tjaldsvæðið.
- Erum að endurskoða baðvörsluútfærslu sem Grunnskólinn lagði í með okkur í haust í sparnaðarskyni. Hún hefur ekki gefist alveg nógu vel vegna manneklu og lítur út fyrir að einhverju þurfi að breyta aftur.

Verkefnum lokið:

- Viðgerð á CO2 kerfi. $\frac{3}{4}$ lokið. Þarf að endurgera eina mælistöð því þegar lagnir voru endurtengdar lak hún. Píparinn kemur fljótlega aftur til að klára það sem og fleiri lekaverkefni.
- Stóri varmaskiptir í kyndistöð brann yfir, ekki eins alvarlegt og leit út fyrir. Búið að gera við.

Óhöpp og anmarkar vegna skorts á viðhaldi:

1. Gestur skar sig á flísarönd í potti 1 því þar vantar mósaíkflísar sem brotnað hafa upp.

2. Ekki var hægt að nýta allan íþróttasalinn á frjálsíþróttanámskeiði síðustu helgina í febrúar því salarþakið lekur á tveimur stöðum. Að hlaupa í poll eða hlaupa á fötu sem sett er undir leka er mikil slysgildra og hafa börn bæði tagnað og skorið sig við þær aðstæður áður. Ég stúkaði því af þessi tvö svæði með bekkjum til að forða slysum.
-